

Háskóli Íslands
02 201

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla forstöðumanns	2
Áritun forstöðumanns	3
Yfirlit um afkomu ársins	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7

Háskóli Íslands
kt. 600169-2039
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Skýrsla forstöðumanns

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er Háskóli Íslands sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum og þekkingarleit á sviði vísinda. Háskólinn miðlar fræðslu til almennings og veitir þjófðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

Meginskipulagseiningar Háskólans eru fimm fræðasvið í alls 26 deildum og sameiginleg stjórnsýsla. Kjarninn í starfi Háskóla Íslands liggur í námi og kennslu tæplega 15.300 nemenda skólans, rannsóknum sem innan hans eru unnar og virkri þátttöku hans í íslensku samfélagi og menningarlífi. Sérstaða skólans liggur m.a. í breiðu námsframboði og fjölbreyttum möguleikum nemenda hans til þverfræðilegrar nálgunar í námi. Við Háskóla Íslands eru kenndar fjölmargar greinar sem ekki eru kenndar annars staðar hérlendis og nemendahópurinn er fjölbreyttur.

Innan Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum og er þar nýsköpun og hagnýting rannsókna í öndvegi. Innan háskólans eru rannsóknastofnanir sem vinna í nánum tengslum við aðrar innlendir vísindastofnanir, fyrirtæki og stofnanir. Vísinda- og nýsköpunarstarf Háskóla Íslands hefur skapað skólanum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi og opnað dyr að margskonar rannsóknasamstarfi. Háskólinn er aðili að Samtökum evrópskra háskóla (EUA), Samtökum norrænna háskóla (NUS) og AURORA samstarfsneti 11 evrópskra háskóla sem tekur til kennslu, rannsókna og stjórnsýslumálefna.

Háskólinn á eignarhluta í Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. og Rannsókn- og háskólanet Íslands hf. Þá vann Háskólinn í samráði við stjórnvöld að undirbúningi félags um fasteignir Háskólans frá því snemma árs 2019 og var félagið stofnað í lok júní 2021.

Háskólinn er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og í nánu samstarfi við atvinnulíf og helstu stofnanir samfélagsins á sviði heilbrigðis-, félags-, umhverfis-, náttúru- og sjálfbærni-, mennta- og menningarmála. Þar má sem dæmi nefna náið samstarf við Landspítala, samstarf við Veðurstofu Íslands, Þjóðminjasafn, Landsbókasafn – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar, Hjartavernd, Íslenska erfðagreiningu o.s.frv. Þá starfar Háskólinn í nánum tengslum við önnur skólastig í margs konar vísindamiðlunarverkefnum.

Ný stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, leit dagsins ljós sumarið 2021. Stefnan, sem ber yfirskriftina *Betri háskóli - betra samfélag*, felur í sér fjórar lykiláherslur í þróun skólans næstu fimm árin, þar sem Háskólinn leggur áherslu á að vera:

- opinn og alþjóðlegur,
- að starfsemin einkennist af sjálfbærni og fjölbreytileika,
- afl skólans byggir ríkum gæðum náms og kennslu, rannsókna og í allri starfsemi,
- að skólinn sé góður vinnustaður.

Innleiðing stefnunnar felur í sér tvo megin strauma. Annars vegar snýst innleiðingin um þróun starfseminnar þar sem unnið er stöðugt að því að efla gæði og innleiða umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar. Hins vegar er um að ræða umbætur starfseminnar með tíu verkefnastofnum sem byggja á megináherslum og markmiðum stefnunnar og verða innleiddir yfir stefnutímabilið. Þetta endurspeglast í starfsáætlunum fræðasviða og miðlægrar stjórnsýslu. Nánari upplýsingar um stefnu Háskóla Íslands má finna á <https://www.stefna.hi.is/>

Við Háskólann eru ríflega 1.480 ársverk sem sinna kennslu, rannsóknum, þjónustu við nemendur og rekstri og stjórnsýslu skólans. Auk þess taka sérfræðingar skólans virkan þátt í samfélagsumræðu og veita ráðgjöf til stofnana og atvinnulífs. Þá leggja um 2.500 stundakennarar (um 200 ársverk 2021) úr atvinnulífi af mörkum við kennsluna.

Endurmenntun starfsfólks er sinnt með margvíslegum hætti, s.s. með rannsóknamissurum akademíks starfsfólks, námsleyfum annars starfsfólks ásamt margs konar þjálfun, námskeiðum og fyrirlestrum. Um 100 akademískir starfsmenn fara í rannsóknamissur árlega, flestir í eitt misseri og 6 starfsmenn stjórnsýslu skólans og fræðasviða nýttu sér rétt til námsleyfis 2021.

Nokkrar lykiltölur um starfsemi Háskóla Íslands:

- Fjöldi nemenda sem stundaði nám við Háskóla Íslands 20. október 2021 var 15.258.
- Ársnemar voru 10.500 almanaksárið 2021, miðað við þreyttar einingar.
- Í hópi nemenda í grunnnámi (BA/BS/BE) eru konur 65,3% og karlar 34,7%, í námi á meistarastigi eru konur 74% og karlar 26% og í doktorsnámi eru konur 60,2% og karlar 39,8%.
- Brautskráningar almanaksárið 2021 voru 3.434, þar af 81 úr doktorsnámi
- Við skólann eru í boði um 360 námsleiðir á grunn-, meistara- og doktorsstigi, á fimm fræðasviðum (Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði), í alls 26 deildum og nokkrum þverfræðilegum námsleiðum.
- Af birtingum fræðigreina Háskólans eru 75% í samvinnu við erlenda háskóla og vísindastofnanir
- Um 80% akademíks starfsfólks er með doktorspróf.
- Í hópi akademíks starfsfólks eru konur 45% og karlar 55%. Kynjaskiptingin í hópi annars starfsfólks skólans er þannig að karlar eru 39% hópsins en konur 61%.

Áritun forstöðumanns

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 21 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 26.885,4 milljónir og afkoma af reglulegri starfsemi kr. 354 milljónir eða um 1,4% af veltu. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu kr. 118,2 milljónir sem skýrast að mestu af gengistapi upp á ríflega kr. 145 milljónir. Afkoma af rekstri dóttur- og hlutdeildarféлага nam kr. 898,9 milljónum. Skýrist það að mestu af kr. 889,2 milljóna hlutdeild í afkomu Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. sem er að stærstum hluta í eigu Háskóla Íslands. Hér er um reikningshaldslega afkomu að ræða og þessu fylgja ekki raungreiðslur eða handbært fé.

Afkoma ársins var kr. 1.134,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7.508,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 21.991,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Háskóla Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Háskóla Íslands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Jón Atli Benediktsson
Háskólarektor

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	18.758.703.000	16.715.100.000
Seld þjónusta	3	2.662.517.018	2.497.415.889
Framlög og ýmsar tekjur	4	4.932.983.447	4.147.635.574
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	531.185.371	508.503.971
Tekjur samtals		26.885.388.836	23.868.655.434
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	19.810.907.844	18.376.178.946
Framlög og tilfærslur	6	1.300.941.342	930.703.877
Annar rekstrarkostnaður	7	4.888.282.916	3.919.553.457
Afskriftir	8	531.185.371	508.503.971
Gjöld samtals		26.531.317.473	23.734.940.251
Afkoma fyrir fjármagnsliði		354.071.363	133.715.183
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9	28.020.987	336.426.210
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(146.251.134)	(4.870.677)
		(118.230.147)	331.555.533
Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur		235.841.216	465.270.716
Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga	13	898.935.718	984.686.034
Afkoma ársins		1.134.776.934	1.449.956.750
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	2.220.918.276	2.165.860.627
Rekstrartilfærslur		(1.086.141.342)	(715.903.877)
		1.134.776.934	1.449.956.750

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		1.797.852.217	1.941.347.380
Farartæki og vélar		59.788.334	59.345.186
Aðrar eignir		71.059.714	114.979.188
Verk í vinnslu, fasteignir		2.183.357.692	1.704.948.290
		<u>4.112.057.957</u>	<u>3.820.620.044</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakröfur	12	693.875.413	670.816.106
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	5.261.825.399	4.447.054.655
		<u>5.955.700.812</u>	<u>5.117.870.761</u>
Fastafjármunir samtals		<u>10.067.758.769</u>	<u>8.938.490.805</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	14	569.306.212	425.389.257
Tengdir aðilar	15	4.181.642.093	1.811.960.485
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	16	1.045.985.126	868.568.551
Handbært fé	17	6.126.387.563	6.327.466.059
Veltufjármunir samtals		<u>11.923.320.994</u>	<u>9.433.384.352</u>
Eignir samtals		<u>21.991.079.763</u>	<u>18.371.875.157</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	18		
Hrein eign		7.508.341.051	6.373.564.117
Eigið fé samtals		<u>7.508.341.051</u>	<u>6.373.564.117</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	15	393.375.858	131.780.962
Viðskiptaskuldir	19	492.013.213	378.641.978
Ýmsar skammtímaskuldir	20	6.456.951.212	5.293.004.300
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	21	7.140.398.429	6.194.883.800
Skuldir samtals		<u>14.482.738.712</u>	<u>11.998.311.040</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.991.079.763</u>	<u>18.371.875.157</u>
Aðrar upplýsingar	22		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.134.776.934	1.449.956.750
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	531.185.371	508.503.971
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(531.185.371)	(508.503.971)
Verðbætur og gengismunur		(23.059.307)	(26.732.944)
Niðurfærsla hlutafjár		84.164.974	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélags		(898.935.718)	(984.686.034)
		<u>296.946.883</u>	<u>438.537.772</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(321.333.530)	(69.270.370)
Tengdir aðilar		(2.108.086.712)	2.106.402.425
Skammtímaskuldir		1.277.318.147	2.236.159.798
		<u>(1.152.102.095)</u>	<u>4.273.291.853</u>
		<u>(855.155.212)</u>	<u>4.711.829.625</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(822.623.284)	(787.686.471)
		<u>(822.623.284)</u>	<u>(787.686.471)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		536.700.000	636.700.000
Framlög til fjárfestinga frá HHÍ		940.000.000	650.000.000
		<u>1.476.700.000</u>	<u>1.286.700.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(201.078.496)	5.210.843.154
		<u>6.327.466.059</u>	<u>1.116.622.905</u>
		<u>6.126.387.563</u>	<u>6.327.466.059</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda í meginatriðum af framlögum frá þriðja aðila og eru þau tekjufærð við móttöku að öðru leyti en framlög sem skilyrt eru um að vera til fjárfestinga eru tekjufærð með sama hætti og fjárveitingar til fjárfestinga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh.)

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	18.758.703.000	16.715.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	531.185.371	508.503.971
	<u>19.289.888.371</u>	<u>17.223.603.971</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	17.872.200.000	214.800.000	18.087.000.000
Millifært úr varasjóð	99.500.000	0	99.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	572.203.000	0	572.203.000
Fjárveiting til tekna	18.543.903.000	214.800.000	18.758.703.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(17.221.920.442)	(1.300.941.342)	(18.522.861.784)
Hlutdeildartekjur	898.935.718		898.935.718
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	2.220.918.276	(1.086.141.342)	1.134.776.934

2021 2020

3 Seld vara og þjónusta

Sala á vöru og þjónustu	1.095.337.491	1.093.775.113
Sérfræðiþjónusta	416.650.665	281.119.552
Umboðs- og sölulaun	5.262.440	6.323.850
Vörusala	43.449.156	46.265.576
Verksala	345.612.603	355.803.459
Ýmsar þjónustutekjur	52.855.245	85.337.473
Mötuneyti	21.567.611	19.099.828
Fræðslustarfsemi og fundir	681.781.807	609.691.038
	<u>2.662.517.018</u>	<u>2.497.415.889</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	63.472.354	54.721.256
Afnóttagjöld	26.630.738	25.085.253
Kostnaðarhlutdeild	276.991.033	192.362.356
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	2.526.164.259	2.726.046.874
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.025.701.726	1.138.795.756
Ýmsar tekjur	14.023.337	10.624.079
	<u>4.932.983.447</u>	<u>4.147.635.574</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	16.155.125.078	14.939.007.989
Orlof, breyting	145.193.096	162.699.425
Önnur launagjöld	5.742.907	0
Launatengd gjöld	3.465.654.288	3.238.758.721
Starfsmannakostnaður	39.192.475	35.712.811
	<u>19.810.907.844</u>	<u>18.376.178.946</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	1681,8	1596,5
------------------------------	--------	--------

Skýringar

	2021	2020
6 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	506.996.781	301.764.811
Rekstrartilfærslur aðrir	793.944.561	628.939.066
	<u>1.300.941.342</u>	<u>930.703.877</u>
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	214.800.950	201.566.197
Byggingarvörur, almennar	39.388.675	18.352.789
Byggingarvörur, aðrar	1.053.455	2.794.908
Tæki og búnaður til innréttinga	15.700.129	6.298.700
Ýmis tæki og áhöld	227.462.913	131.610.282
Varahlutir og viðhaldsvörur	7.935.271	14.051.078
Orkugjafir	187.129.249	184.142.423
Matvæli	203.940.686	162.274.662
Almennar rekstrarvörur	39.009.349	42.861.042
Vörukaup, almenn	<u>936.420.677</u>	<u>763.952.081</u>
Rannsóknarstofuefni	208.265.906	186.167.023
Lyf og tengd efni	18.427	37.068
Lækninga- og hjúkrunarvörur	24.610.950	19.097.475
Sjúkrahústæki og áhöld	1.543.854	1.995.966
Kennslu- og föndurvörur	11.594.085	7.995.457
Ýmsar sérgreindar vörur	752.317	708.075
Vörukaup, sérgreind	<u>246.785.539</u>	<u>216.001.064</u>
Fundir, námskeið, risna	134.324.558	94.016.643
Ferðir, uppihald	194.478.211	148.574.663
Akstur	32.761.559	23.702.341
Sérfræðiþjónusta	1.033.586.503	884.272.645
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	8.196.498	6.354.754
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	162.243.891	144.723.675
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	85.111.388	92.033.019
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>1.650.702.608</u>	<u>1.393.677.740</u>
Samningsbundin kaup og leiga	100.612	972.000
Afnotagjöld	320.269.539	276.564.117
Leigugjöld	392.899.263	251.548.840
Notkun véla og flutningatækja	13.187.984	11.678.960
Verkkaup	442.772.443	504.329.923
Kostnaðarhlutdeild	406.679.435	127.408.151
Áhættutap og bætur	16.500	105.000
Tryggingar, lögboðnar	28.020.862	25.095.924
Opinber gjöld	362.650.299	350.865.121
Tapaðar kröfur og eignarhlutir	86.846.867	(2.645.464)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>2.053.443.804</u>	<u>1.545.922.572</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>4.888.282.916</u>	<u>3.919.553.457</u>

Skýringar

	2021	2020
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	473.814.230	451.805.192
Farartæki og vélar	10.061.667	8.388.479
Aðrar eignir	47.309.474	48.310.300
	<u>531.185.371</u>	<u>508.503.971</u>

9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

Ýmsar fjármunatekjur	28.020.987	34.930.904
Gengishagnaður, verðbreytingar	0	301.495.306
	<u>28.020.987</u>	<u>336.426.210</u>

10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Fjármagnskostnaður	393.342	24.256
Dráttarvextir	481.971	810.334
Gengistap, verðbreytingar	145.375.821	4.036.087
	<u>146.251.134</u>	<u>4.870.677</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.797.852.217	1.941.347.380
Farartæki og vélar	59.788.334	59.345.186
Aðrar eignir	71.059.714	114.979.188
	<u>1.928.700.265</u>	<u>2.115.671.754</u>
Fasteignir - Verk í vinnslu	2.183.357.692	1.704.948.290
	<u>4.112.057.957</u>	<u>3.820.620.044</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Fasteignir (verk í vinnslu)	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	1.704.948.290	4.881.722.496	106.962.146	599.634.157	7.293.267.089
Viðbætur á árinu	478.409.402	330.319.067	10.504.815	3.390.000	822.623.284
	<u>2.183.357.692</u>	<u>5.212.041.563</u>	<u>117.466.961</u>	<u>603.024.157</u>	<u>8.115.890.373</u>
Afskriftir 01.01.2021	0	2.940.375.116	47.616.960	484.654.969	3.472.647.045
Afskrift ársins	0	473.814.230	10.061.667	47.309.474	531.185.371
	<u>0</u>	<u>3.414.189.346</u>	<u>57.678.627</u>	<u>531.964.443</u>	<u>4.003.832.416</u>
Staða 31.12.2021	<u>2.183.357.692</u>	<u>1.797.852.217</u>	<u>59.788.334</u>	<u>71.059.714</u>	<u>4.112.057.957</u>

12 Langtímakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin	693.875.413	670.816.106
	<u>693.875.413</u>	<u>670.816.106</u>

Lánið ber óverðtryggða vexti skv. 4 gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu útgefnum af Seðlabanka Íslands.

Lánið er óverðtryggt og vextir greiddir eftir á, sem bætast við höfuðstól.

Lántaki skuldbindur sig til að greiða lánið upp með einni afborgun höfuðstóls og vaxta þegar lánveitandi krefst þess.

Skýringar

13 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):	Eignarhlutur	Nafnverð	Hlutdeild í afkomu	Matsverð
RH-net hf	85,92%	46.095.600	(4.698.032)	28.926.904
Tæknigarður ehf	100,00%	16.000.000	8.507.924	101.436.847
Visindagarðar ehf	94,60%	1.158.850.000	889.178.078	5.120.300.065
Klak Innovit ehf	20,72%	4.220.664	5.947.748	11.161.583
		<u>1.225.166.264</u>	<u>898.935.718</u>	<u>5.261.825.399</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

	31.12.2021	31.12.2020
14 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	581.437.624	434.792.806
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(12.131.412)	(9.403.549)
	<u>569.306.212</u>	<u>425.389.257</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	464.112.668	318.363.068
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	105.193.544	107.026.189
	<u>569.306.212</u>	<u>425.389.257</u>

15 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkissjóð	3.487.317.032	1.616.640.333
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	694.325.061	195.320.152
	<u>4.181.642.093</u>	<u>1.811.960.485</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	393.375.858	131.780.962
	<u>393.375.858</u>	<u>131.780.962</u>

16 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Aðrar skammtímakröfur	1.042.263.366	868.568.551
Endurkrafa skatta	3.721.760	0
	<u>1.045.985.126</u>	<u>868.568.551</u>

17 Handbært fé

Sjóðir	155.874	343.800
Tékkareikningar	3.132.894.919	2.195.838.745
Sparisjóðsreikningar	32.557.856	937.492.662
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	2.960.778.914	3.193.790.852
	<u>6.126.387.563</u>	<u>6.327.466.059</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 482,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

18 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	6.373.564.117	4.923.607.367
Afkoma ársins	1.134.776.934	1.449.956.750
Jöfnuður 31.12.	7.508.341.051	6.373.564.117

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

19 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir	492.013.213	378.641.978
	492.013.213	378.641.978
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	422.846.373	317.144.317
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	69.166.840	61.497.661
	492.013.213	378.641.978

20 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	1.699.147.831	1.548.211.828
Önnur ógreidd gjöld	418.366.469	18.743.574
Fyrirframinnheimtar tekjur	4.339.436.912	3.725.847.838
Ýmsar skuldir	0	201.060
	6.456.951.212	5.293.004.300

21 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	4.112.057.957	3.820.620.044
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.028.340.472	2.374.263.756
	7.140.398.429	6.194.883.800

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	3.820.620.044	2.374.263.756	6.194.883.800
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	536.700.000	536.700.000
Framlag HHÍ til fjárfestinga	0	940.000.000	940.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	822.623.284	(822.623.284)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(531.185.371)	0	(531.185.371)
	4.112.057.957	3.028.340.472	7.140.398.429

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 514,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

22 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 180,1 milljónum og vegna þjónustu kr. 26,8 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Staða tjónamáls vegna vatnsleka

Umtalsvert vatnstjón varð á byggingum Háskóla Íslands í janúar 2021 eftir rof á kaldavatnslögn. Snemma árs 2022 lá fyrir matsgerð vegna tjónsins. Óskað hefur verið yfirmats á tjóninu og einnig undirmats varðandi hluta þess sem ekki hafði verið metinn. Yfirmatsbeiðni og beiðni um undirmat hafa verið lagðar fram í dómi og verða dómkvaddir matsmenn í báðum matsbeiðnum við fyrirtöku, væntanlega nú í maí mánuði.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.